Menning

Leikhús · Bókmenntir · Myndlist · Tónlist · Dans

Umsjón: Silja Aðalsteinsdóttir
Netfang: silja@dv.is
Sími: 550 5807

Nýliðar og konur


BÓKMENNTIR: Aldrei hafa fleiri konur verið tilnefndar til Booker-verðlaunanna bresku en nú, þær eru fjórar á móti tveimur körlum. „Þetta er ár Davíðs fremur en Golíats," sagði gagnrýnandinn John Carey, formaður dómnefndar. Þó er einn „Golíat" á listanum, nefnilega Margaret Atwood frá Kanada sem hlaut raunar verðlaunin fyrir þremur árum. Bók hennar er vísindaskáldsagan Oryx and Crake. Aðrir tilnefndir eru Monica Ali sem skrifar í Brick Lane um fæðingarland sitt, Bangladesh, Zoe Heller skrifar um samband kennara og nemanda undir lögaldri í Notes on a Scandal, Clare Morrall lýsir þjáningum konu vegna barnleysis í Astonishing Splashes of Colour, D.B.C. Pierre skrifar um raðmorðingja í Texas í Vernon God Little og loks skrifar Damon Galgut um átakanlegt skilningsleysi milli svartra og hvítra í Suður-Afríku í bókinni The Good Doctor. „Stóru höfundarnir skrifuðu ekki stórar bækur í ár," sagði Carey, en sjálfsagt verður sú fullyrðing rengd af mörgum.

Vinafélag

ÓPERA: Félagsmenn Vinafélags Íslensku óperunnar fá send skírteini á næstunni sem veita ýmis fríðindi hjá Óperunni, í hljómplötuverslunum og óperunámskeiðum hjá Endurmenntun Hí. Næsta námskeið hefst 15. okt. og ber heitið „Óperan sem alþýðulist". Skráning nýrra félaga stendur nú yfir í síma 511 6400 eða á póstfanginu vinafelag@opera.is

Í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi mætast meginstraumar og jaðarlist á sýningunni „Yfir bjartsýnisbrúna":

Tímabær sýning



ÖRNINN FLÝGUR FUGLA HÆST: Níels Hafstein stillir sér upp hjá fuglamergð Vestur-Húnvetningsins Ágústs Jóhannssonar. *DV-MYND ÞÖK*

Níels Hafstein er kominn suður í Hafnarhús með allsérstæða sýningu norðan úr Eyjafirði sem opnuð verður á morgun. Mörg verkanna á Safnasafnið hans á Svalbarðsströnd, önnur fær hann lánuð til að gefa sýningunni þann ákveðna blæ sem hann vill hafa á henni.

Á sýningunni eru verk eftir 22 núlifandi listamenn, ellefu konur og ellefu karla. „Það þýðir ekkert annað," segir sýningarstjórinn, ákveðinn.

„Ellefu listamannanna hafa gengið í skóla og ellefu hafa ekki gengið í skóla," heldur hann áfram. „Ég hugsa mér þetta sem samtal meginstrauma og jaðarlista. En raunin er sú að jaðarlistirnar eru farnar að nálgast meginstraumana ansi mikið og jafnvel er meginstraumurinn farinn að breiða svolítið úr sér til jaðranna, þess vegna er sýningin tímabær. Hún á að varpa ljósi á þessa þróun."

Hringferill myndlistar

Þegar gengið er í aðalsalinn uppi er alþýðulistin, litrík og elskuleg, á borðum eftir endilangri salarmiðju og á endavegg en nútímalistin til hliðanna. „Alþýðulistin er þá orðin meginstraumurinn í salnum," bendir Níels á, og vottar fyrir stríðnisbrosi á andliti hans.

– Hefurðu verið lengi að undirbúa þessa sýningu?

„Maður hefur furðugóðan tíma til að hugsa úti á landi þó að mikið sé að gera, ekki síst á gönguferðum með hundana í ljósaskiptunum," segir hann. „Og ég fór að velta því fyrir mér hvað það er erfitt fyrir fólk, lærða sem leika, að skilgreina list. Menn setja merkimiða á hana – þessi er einfari, þetta er nútímalist, þetta er hitt og annað er þetta og enginn botnar neitt í neinu – þannig að ég bjó til kerfi sem ég kalla hringferil myndlistar og skipti honum í sextán flokka. Við getum til dæmis byrjað á frumleik, listamönnum sem vinna út frá hreinni og tærri hugmynd. Slíkir listamenn eru mjög fáir, Magnús Pálsson er gott dæmi. Í næsta flokki eru þeir sem kanna og vinna hugmyndirnar áfram, kannski í heilar sýningar, þróa sinn stíl. Þar er meiriparturinn af heimslistinni. Í þriðja lagi gætum við tekið þá sem dást svo mjög að öðrum listamanni að þeir iðka list sína undir áhrifavaldi hans – og svo framvegis. Ég reyni að láta sýninguna birta þetta kerfi þó að ég eigi ekki efnivið í öllum flokkum."

Vestur-Húnvetningar fyrirferðarmestir

– Eru listamennirnir hvaðanæva af landinu?

„Einna síst af Austfjörðum," ansar Níels og á enga skýringu á því. Hann á heldur enga skýringu á því að flestir eru úr Vestur-Húnavatnssýslu.

„Listamenn þaðan hafa verið ansi fyrirferðarmiklir á sýningum hjá mér fyrir norðan vegna þess að af 210 alþýðulistamönnum á skrá hjá mér eru 35 úr Húnaþingi vestra – en til dæmis aðeins tveir eða þrír úr Húnaþingi eystra! Hagleikur liggur vissulega í ættum í vestursýslunni en menn hafa líka manast upp í þetta – ég get þetta alveg eins vel og þú, segja þeir, og tilfellið er að þeir geta töluvert!"

Alþýðulistin í Vestur-Húnavatnssýslu hefur svo borið fagran ávöxt í Önnu Líndal, myndlistarmanni og prófessor við Listaháskóla Íslands.

Græðgi í sálir

Níels Hafstein stofnaði Safnasafnið og hefur rekið það í sjálfboðavinnu í átta ár eða frá 1995. – Hver er ástríðan?

Níels biður fyrir sér við slíka spurningu en segir svo: „Ætli það sé ekki græðgin – í hlutdeild í sálu annarra! Ekki er það í peninga því ég hef verið launalaus öll þessi ár, verið á framfæri konunnar sem er geðhjúkrunarfræðingur. Einhvern tíma skrifaði ég menntamálaráðherra bréf til að reyna að hræra hjarta hans og fá hann til að veita fé í safnið mitt. Í bréfinu sagðist ég vera maður sem færi aldrei í leikhús, aldrei í bíó, aldrei út að borða, reykti ekki, fengi mér í glas kannski mánaðarlega, ég ætti einar gallabuxur og einar sparibuxur, gúmmískó, töflur og stígvél, ég hefði ekki farið til útlanda í tuttugu ár, en ég ætti tvo hunda og hefði gott útsýni. En hann sá ekki aumur á mér þrátt fyrir þessa hjartnæmu lýsingu. Allir í kringum mig fengu peninga, en ekki ég. Jafnerfitt er að ná athygli fjárlaganefndar. Þó er þetta eina safn alþýðulistar á Íslandi og við höfum safnað verkum hringinn í kringum landið, þrætt dali og firði og nes, lagt allt undir. Ég vona bara að sýningin núna veki athygli."

Það ætti ekki að vera borin von því að sýningin er geysilega falleg og upplífgandi. Og ekki lætur Níels staðar numið við sýninguna því til stendur að halda myndþing 12. október með fyrirlestrum, gjörningum, upplestri og kvikmynd um Safnasafnið og skjólstæðinga þess. Auk sýningarskrárinnar áðurnefndu sem geymir meðal annars langa grein eftir Níels um listina að greina myndlist.

Sinfónían í stuði

TÓNLISTARGAGNRÝNI

Sigfríður Björnsdóttir

Sumarið yfirgaf okkur endanlega í gær en við munum þó halda á okkur hita með ýmsum hætti. Vafðir inn í þunnar yfirhafnir þyrptust til dæmis gestir Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónleika í gærkvöldi – Vetur konungur andaði niður hnakkann á okkur en innan dyra beið hlýleg, amerísk veisla.

Tónlistin í gær var öll eftir Leonard Bernstein og Aaron Copland, en þessir meistarar báðir létust fyrir um hálfum öðrum áratug. Þau brot úr vinsælum verkum þeirra sem buðust á tónleikunum eru þó öll frá miðbiki síðustu aldar. Sigrún Hjálmtýsdóttir söng og lék nokkur valin atriði úr verkum eftir báða.

Það verður að segjast eins og er að út frá lögunum tveimur úr The Tender Land er alveg skiljanlegt að Copland hafi ekki vaðið í tækifærum til að skrifa óperur. Þetta reyndist tónlistarlega hreint ótrúlega leiðinlegt, en gæti verið þolanlegt sem hluti af stærri heild. Þættir úr ballettinum skemmtilega Rodeo eftir Copland bættu upp þessi leiðindi frá hans hendi og gott betur.

Valið efni frá Bernstein var öllu kjötmeira, þéttara skrifað og kraftmeira. Dansarnir úr West Side Story eru frábær skemmtun þegar jafnvel er spilað og í gærkvöldi. Hljómsveitin var full af fjöri, sveiflu og krafti. Mamboið agað en líka magnað – eins og hver sem er að fara að gjósa – og sjöundi hlutinn, Svalir strákar, small saman með hárfínum hætti. Diddú söng karakterarírurnar What a Movie og Glitter and be Gay eftir Bernstein með tilþrifum, en uppmögnun raddarinnar kom ekki alltaf vel út og ekki víst hvað raddblærinn leið mikið fyrir það.

Fjölbreytt landslag framundan

Þeir segja að köngulærnar spinni vegna vetrarþungans framundan, en þeir sem sækja næringu og hita í hljómsveitartónlist þurfa engu að kvíða. Vetrardagskráin hjá Sinfóníuhljómsveitinni er dálítið ævintýraleg og skemmtilega djarfur og grípandi bæklingurinn um hana á eftir að koma mörgum á óvart. Þarna má fullyrða að nánast allir geti fundið sinn óskakonsert því þeir eru ekki bara margir tónleikarnir heldur líka innbyrðist ólíkir. Bítlarnir eða Bartok, Todmobile eða Tchaikovsky og allt þar á milli.

Rússnesk tónlist er áberandi og farin örugga leiðin, leikin verk eftir stærstu nöfn síðustu aldar, Shostakovich, Stravinsky og svo Prokofiev, Rachmaninoff, Mussorgsky, og Tchaikovsky. Þeir sem ekki íhuga t.d. að ná sér í miða á tónleikana í júní á næsta ári eiga sennilega eftir að sjá eftir því.



GLITRANDI GLÖÐ: Diddú söng með tilþrifum.

Norræn tónlist fær meiri athygli nú en oftast áður og bláa röðin í heild sinni freistandi kostur fyrir alla sem vilja heyra eitthvað nýtt. Frændur okkar á Norðurlöndum hafa margir lagst í mikinn tónlistarvíking án þess að svo mikið sem gjálfur frá þeirri flóðöldu heyrist við strendur Íslands. Breytingin á því er sérstakt fagnaðarefni og vonandi verður tilboðið um innsýn í menningarheim samtímamanna okkar hjá grannþjóðunum nýtt til hins ýtrasta.

Frá því að árið 2000 gekk í garð hafa íslensk tónskáld skrifað á fimmta tug verka sem ætluð eru sinfóníuhljómsveit. Sköpunarkraftur listamanna á Íslandi hefur löngum verið rúmfrekari en sá stakkur sem íslenskt samfélag hefur sniðið listinni. Þó fá að heyrast níu íslensk hljómsveitarverk á þessu starfsári og er meirihluti þeirra frumfluttur. Sumir höfundanna leggja fram sitt fyrst verk fyrir hljómsveit en öðrum nægja ekki lengur fingurnir til að telja hljómsveitarverk sín. Þetta er breiður hópur höfunda og heildin ætti að gefa góða mynd af íslenskri tónsköpun á þessu sviði.

Þegar á heildina er litið virðist veturinn vera rússneskur í grunninn, með norrænu landslagi á jöðrunum, auðmeltu efni í forgrunni en um þetta allt blása íslenskir og vonandi ferskir vindar. Góða skemmtun.